



Eypór Jónsson



Fæddur 22. apríl 1961

Dáinn 8. júlí 2024

Útför frá Akureyrarkirkju föstudaginn 19. júlí kl. 10:00
Jarðsett verður í kirkjugarðinum á Naustahöfða



Upphafslag

Heyr mína bæn

Mario Panzeri - Ólafur Gaukur



Signing og bæn



Kveðja

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljós
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Mortbens

Ritningarlestur



Söknuður

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður,
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómunum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál,
gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður' á strönd,
fundið stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin.
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin.
Nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Því eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn,
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér og nístir mig.

Jóhann Helgason - Vilbjálmur Vilbjálmsson

Guðspjall



Líttu sérhvert sólarlag

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

∴ Líttu sérhvert sólarlag, . . . ∴

Bragi Valdimar Skúlason

Minningarorð



Orðin mín

Einhvern tímann, ef til vill
og óralangt frá þessum stað
mun ástin hörfa heim til þín
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Þá er rétt að rifja upp – orðin mín.
Þau eru stíð. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu að síður alltaf bíða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar?
Og hvernig geymist allt sem var?
Mundu að hvar sem hjartað slær
hamingjan er oftast nær.

Einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Þá er rétt að rifja upp – orðin mín
Þau eru stíð. Þau eru fá.
Þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu að síður alltaf bíða þín.

Bragi Valdimar Skúlason

Bæn og Fadir vor



Ást

Sólin brennir nóttina og nóttin slökkvir dag,
þú ert athvarf mitt fyrir og eftir sólarlag.
Þú ert yndið mitt áður og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli og söngur ef allt er hljótt.
Söngur í þöglum skógum og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið og Guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað fyrr en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja með undursamlegum nið,
það er ekkert í heiminum öllum nema eilífðin Guð og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og Guð til að styrkja mig
ég fann ei hvað lífið var fagurt fyrr en ég elskaði þig.
Ég fæddist til ljóssins og lífsins er lærði ég að unna þér
og ást mín fær ekki fölnað fyrr en með sjálfri mér.

Magnús Þór Sigmundsson - Sigurður Nordal

Meldun





Næturljód úr Fjörðum

Yfir í Fjörðum allt er hljótt,
eyddur hver bær, hver þekja fallin,
kroppar þar gras hjá grænni tóft
gimbill um ljósa sumarnótt.
Ókleifum fjöllum yfirskyggð
ein er þar huldufólksbyggð.

Bátur í vör með brostna rá
bíður þar sinna endaloka,
lagði hann forðum landi frá
leiðina til þín um fjörðinn blá.
Aldrei mun honum, ástin mín,
áleiðis róid til þín.

Fetar þar létt um fífusund
folaldið sem í vor var alið.
Aldrei ber það um óttustund
ástina mína á vinafund.

Grær yfir leiði, grær um stein,
gröfin er týnd og kirkjan brotin.
Grasrótin mjúka, græn og hrein
grær yfir huldufólksins bein,
grær yfir allt sem eitt sinn var.
Ástin mín hvílir nú þar.

Bjðvar Guðmundsson

Blessun



Útgöngulag

You'll Never Walk Alone

Rodgers - Hammarstein



Prestur: Séra Oddur Bjarni Þorkelsson
Organisti: Eypór Ingi Jónsson
Söngur: Ívar Helgason og Óskar Pétursson

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.
Að lokinni athöfn er kirkjugestum boðið að þiggja veitingar
í Reiðhöllinni Lögmannshlið.*